

Aðalfundarboð
Breytingar á samþykktum

Aðalfundur Veðifélags Árnesinga verður haldinn á Hótel Selfossi, fimmtudaginn 26. mars 2026, kl. 13:30.

Dagskrá fundarins:

1. Sameiginleg tillaga stjórnar um fundarstjóra og fundarritara.
2. Sameiginleg tillaga stjórnar um fulltrúa til að kanna framkomin umboð og skrá þau.
3. Fundarsetning.
4. Skýrsla stjórnar, Jörundur Gauksson, formaður.
5. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir árið 2025 og fjárhagsáætlun fyrir árið 2026, Ólafur Þór Þórarinnsson, stjórnarmaður og gjaldkeri félagsins.
6. Umræður um skýrslu stjórnar og afgangsla reikninga og fjárhagsáætlunar.
7. Fiskirannsóknir, Benóný Jónsson frá Hafrannsóknarstofnun.
8. Breytingar á samþykktum sem samþykktar hafa verið af stjórn félagsins að leggja fyrir fundinn til samþykktar eða synjunar:
 - a. Felldar verði út úr samþykktunum jarðirnar Kálfhagi og Lambastaðir við Ölfusá vegna samruna jarðanna við Kaldaðarnes.
 - b. Gerð verði sú nafnabreyting að í stað jarðarinnar Klufta komi nafnið Árdalir en við landskipti fylgdu öll lax- og silungsveiði í Litlu-Laxá þeim hluta jarðarinnar sem fékk nafnið Árdalir.
 - c. Felld verði úr samþykktunum jörðin Ás við Litlu-Laxá og eftirleiðis verði aðeins jörðin Skyggir í samþykktunum en með heimild ráðherra var lax- og silungsveiði jarðarinnar Áss færð yfir á Skyggni.
9. Umræður um hvort tilefni sé til þess að breyta samþykktum félagsins í framtíðinni þannig að heimilt verði að boða fundi og senda gögn með rafrænum hætti.
10. Nýtingaráætlun 2027-2031 lögð fram af stjórn til samþykktar eða synjunar. Meðfylgjandi er nýtingaráætlunin sem er efnislega óbreytt frá gildandi nýtingaráætlun ásamt jákvæðri umsögn Hafrannsóknarstofnunar, bréfi stjórnar sem sent var Hafrannsóknarstofnun 15. janúar 2026 og tillögu eigenda jarðarinnar Hrauns við Ölfusá.
11. Fiskrækt: Umræður um fiskrækt í Tungufljóti og Dalsá/Fossá.
12. Umræður um tilhögun veiðieftirlits.
13. Umræður um áhuga við Stóru-Laxá að stofna sjálfstætt veiðifélag. Er á dagskrá í stað framhaldsfundar sem stóð til að halda um sama efni. Ekki reyndust lagaskilyrði til þess að halda framhaldsfundinn og ákvörðun stjórnar um að halda hann ekki var ekki kærð til Fiskistofu og stóð því óhöggð. Beiðni Stóru-Laxárdeildar um að stofna veiðifélag var hafnað af stjórn Veðifélags Árnesinga í meðfylgjandi ákvörðun frá 8. maí 2025. Sú ákvörðun var kærð af deildinni til Fiskistofu og ræðst framhald málsins af niðurstöðu hennar.
14. Kosningar stjórnar- og skoðunarmanna.
15. Önnur mál.
16. Fundarslit.

Það er félagsmanna að tilkynna um breytingar á félagsaðild og heimilisföngum til formanns. Þessar upplýsingar geta haft áhrif á atkvæðaskrá félagsins en hún ræður því hver fari með atkvæðið. Um atkvæðisréttinn fer eftir 40. gr. laga nr. 61/2006.

Félagsmenn eru minntir á að koma upplýsingum um veiðitekjur **ársins 2025** til gjaldkera félagsins í samræmi við eftirfarandi samþykkt aðalfundar 2021:

Í stang- og netaveiði greiðast 8% af brúttóveiðitekjum hvers árs og tekur reglan einnig til netaupptökusamninga og annarra leigusamninga. Ef veiði fylgir þjónusta og gisting í veiðihúsi semur stjórnin sérstaklega um hvert hlutfallið eigi að vera.

Lágmarksgjald þeirra sem eru að veiða eða hafa veiðitekjur er 15.000 kr.

Félagið mun í maí senda út greiðsluseðil sem kemur til með að byggja á áætluðum tekjum hafi framangreindar upplýsingar ekki borist fyrir þann tíma. Komi í ljós munur á áætluðum tekjum og raunverulegum veiðitekjum skal félagsmaður eiga frumkvæðið af því að leiðrétta það.

Ólafur Þór Þórarinsson stjórnarmaður og gjaldkeri er með netfangið oli@bssl.is og síma 8951558

Félagsmenn í Stóru-Laxárdeild og Tungufljótsdeild þurfa ekki að senda framangreindar upplýsingar þar sem deildirnar eiga að sjá um greiðslur til félagsins.

Gildandi nýtingaráætlun kveður á um veiðitíma og veiðitilhögun 2026 og verða þeir þættir því ekki á dagskrá boðaðs fundar. Samkvæmt nýtingaráætluninni verður félagsmönnum fjálst hverjum fyrir landi sinnar jarðar að veiða á árinu 2026:

- a) *Silung frá og með 1. apríl til og með 24. september.*
- b) *Lax í net frá og með 1. júlí til og með 24. september.*
- c) *Lax á stöng frá og með 21. júní til og með 24. september en skylt er að sleppa öllum laxi eftir veiði frá 21. júní til og með 30. júní. Deildir geta ákveðið að veiðitími hefst og honum ljúki síðar en þó ekki lengur en til og með 30. september. Sami veiðidagafjöldinn á við um deildir og aðra félagsmenn sem veiða lax á stöng. Stjórn deildar skal tilkynna til formanns Veiðifélags Árnesinga hvenær veiði hefst og hvenær henni lýkur. Deildir ráðstafa veiði og arði til sinna félagsmanna á félagssvæði sínu. Veiða má í lagnet, króknet eða á stöng í samræmi við fyrirmæli laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði. Daglegur veiðitími á laxi og göngusilungi á stöng fer saman frá kl. 7-13 og 16-22. Eftir 20. ágúst frá kl. 7-13 og 15-21. Vikulegur veiðitími neta er frá kl. 10 að þriðjudagsmorgni til kl. 22 að föstudagskvöldi. Daglegur veiðitími staðbundins silungs er frá kl. 8-21. Mælt er til að silungsveiði, net og stöng, verði ekki stunduð á laxveiðisvæðum 15 daga fyrir laxveiðitímann og að stórlaxi (70 cm eða stærri) verði sleppt eftir veiði þar sem því verður við komið. Ítrekað er að öllum laxi skal sleppt eftir stangveiði frá og með 21. júní til og með 30. júní og þá daga sem deildir ákveða að lengja veiðitímann eftir 24. september. Sleppa skal allri sjógenginni bleikju í vorveiði og eftir því sem því verður við komið yfir veiðitímann.*

Stjórnin hefur heimild í nýtingaráætlun til þess að ákveða að stytta eða lengja veiðitímann um eina viku ef seiðapétteikamælingar Hafrannsóknarstofnunar, sem liggja fyrir að hausti, gefa tilefni til. Ákvörðun stjórnar er í kjölfarið kynnt fyrir félagsmönnum í bréfi.

Kaldaðarnesi, 5. mars 2026,

f.h. stjórnar Veiðifélags Árnesinga,



Jörundur Gauksson, formaður. Kaldaðarnes II,

801 Selfoss. jorundur@logbyli.is S. 892-0372.